

Alþingi efnahags- og skattanefnd
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 8. febrúar 2011

1102002HA MKH/
Málalykill:613

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald, 359. mál

Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands, sem haldinn var 4. febrúar sl., var lagt fram bréf efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 3. febrúar 2011, þar sem óskað er umsagnar um framvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald (heildarlög), þskj. 459 – 359. mál.

Stjórn Hafnasambands Íslands mótmælir harðlega öllum áformum um upptöku nýs skatts á ferðamenn á Íslandi í formi farþegagjalds, sem leiða mun til aukinnar gjaldtöku af farþegum og útgerðum skemmtiferðaskipa sem leggja leið sína til Íslands.

Stjórn hafnasambandsins ræður Alþingi eindregið frá því að samþykka frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttagjald. Auknar álögur á farþega skemmtiferðaskipa mun skaða þá markaðssetningu, sem hafnir og ferðaþjónustuaðilar hafa staðið fyrir á liðnum árum varðandi skemmtiferðaskipin, og fækka verulega komum þessara skipa til landsins. Það mun hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar til hins verra fyrir fjárhag þeirra hafna, sem skemmtiferðaskipin hafa átt viðskipti við eða stefna að viðskiptum við.

Framgreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Magnús Karel Hannesson
starfsmaður HÍ